

Fundargerð starfshóps um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi

2. Fundur haldinn þann 28. ágúst 2019 kl. 16:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar.

Mætt: Silja E. Steingrímsdóttir, Jón Arnar Sigurbórsson og Unnur Jónsdóttir. Einnig sátu fundinn Ragnar Frank sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Kristján Finnur Kristjánsson verkefnastjóri framkvæmdarsviðs. Orri Jónsson og Sigrún Ámundadóttir boðuðu forföll.

1. Skýrslur og greinagerðir um íþróttamiðstöðvar

Starfshópurinn fékk sendar skýrslur og greinagerðir um íþróttamiðstöðvar í júní í kjölfar fyrsta fundar hópsins. Einnig fékk hópurinn drög að verkáætlun senda. Þarfagreining sem gerð var 2006 var að auki send á hópinn.

2. Hugmyndir UMSB um fjölnota íþróttahús

Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri UMSB var gestur fundarins og fór yfir hugmyndir um fjölnota íþróttahús í Borgarnesi sem byggja á störfum vinnuhóps innan UMSB. Vinnuhópurinn skoðaði nokkur íþróttamannvirki á Íslandi, t.d. í Hveragerði, Grundavík, Akranesi, Mosfellsbæ og á Höfn í Hornafirði. Flest þessara sveitarfélaga eru með yfirbyggðan hálfan fótboltavöll. Sigurður greindi frá knýjandi þörf hjá Borgarbyggð og sýnir gróf þarfagreining að íþróttahúsið í Borgarnesi er sprungið og erfitt reynist að koma æfingum fyrir í tímatöflu. Lítil tími er afgangur fyrir almenning og engin er félagsaðstaðan. Telur Sigurður að það sé útilokað að bíða í 5-8 ár eftir bættri aðstöðu. Huga þyrfti að því að unglingsmót UMFI verður haldið í Borgarnesi árið 2022.

Rætt var um að athuga hvort hægt sé að skipta verkefninu upp í tvo áfanga. Byrja á því að kostnaðarmeta og kanna möguleika á því að byrja á knattvísi í fyrsta áfanga. Annar áfangi væri að fara í breytingar á núverandi húsi. Taka niður stúkuna stækka þá gólfið því sem það nemur. Fara svo í það að lengja húsið út með því að taka annan gaflinn niður og stækka húsið. Þetta þyrfti að skoða af verkfræðistofu og arkitekt þegar búið er að móta hugmyndina betur.

Umræður urðu í hópnum um framkomnar hugmyndir, stærð og staðsetningu á húsinu. Ragnari Frank falið að ræða við Einar Ingimarsson arkitekt um þá möguleika sem eru í stöðunni og fá hann á næsta fund hópsins.

3. Bréf Verkís

Hópnum hefur borist bréf frá Verkís þar sem talin er upp þekking og reynsla fyrirtækisins í íþróttamannvirkjagerð. Starfsmenn hjá Verkís eru tilbúnir að mæta á fund hópsins og kynna þau verkefni sem Verkís hefur unnið við undanfarið. Ákveðið að taka tilboðinu og kalla starfsmenn Verkís á næsta fund hópsins.

4. Heimsóknir í íþróttamannvirki

Stýrihópurinn hefur áhuga á að skoða amk. tvö íþróttamannvirki í september, t.d. í Mosfellsbæ og í Mjóddinni. Sviðsstjóra fjölskyldusviðs falið að finna heppilega dagsetningu og undirbúa heimsóknirnar.

5. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur hópsins verði 16 september kl. 16:00 – 18:00.

Fleira ekki gert.

Amh.